

**Ed.**

**963. Tillaga**

til þingsályktunar um lögnám landinu til handa á umráðum og notarjetti vatnorku allrar í Sogi.

(Eftir síðari umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til þess, að landið nái fullum umráðum og notarjetti á allri vatnorku í Soginu, alt frá upptökum þess og þar til, er það fellur í Hvítá, ásamt nauðsynlegum rjettindum á landi til hagnýtingar vatnorkunni.

Til framkvæmda þessu heimilast stjórninni að verja fje úr rikissjóði, eftir því, sem nauðsyn krefur, og að halda áfram rannsóknum og mælingum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna.